

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1988

31. maí 1988

89

Nr. 43

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Þorsteins Pálssonar forsætisráðherra hefur Friðriki Sophussyni iðnaðarráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 31. maí 1988.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

31. maí 1988

Nr. 44

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja fyllri ákvæði um efni 8. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

8. gr. bráðabirgðalaganna orðist svo:

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki viðskiptaráðherra auglýst reglur, er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

A 7